



136 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 7 mars 2018 að Bjarnabraut 8 í Borgarnesi.
Fundur hófst kl.10.00

Mætt voru; Raket Óskarsdóttir, Stefán Ármannsson, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir, Hilmar Hallvarðsson, Hafdís Bjarnadóttir, Björn Hilmarsson og Eggert Kjartansson. Eyþór Garðarsson, Ingveldur Guðmundsdóttir og Valgarður Jónsson boðuðu forföll, en varamenn þeirra höfðu ekki tók á að mæta á fundinn.

Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og Hrefna B. Jónsdóttir fjármálastjóri sátu einnig fundinn og ritaði Hrefna fundargerð.

Raket Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00

1. Framlögð fundargerð frá 135 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 135 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Almenningsamgöngur.

Lagt fram minnisblað frá vinnuhópi um almenningsamgöngur, en framkvæmdastjóri SSV er einn þriggja fulltrúa landshlutasamtakanna sem skipa hópinn. Rætt var um innihald minnisblaðsins og þá sérstaklega þær tillögur sem koma fram í niðurstöðum þess. Stjórn SSV tók undir tillögur hópsins og samþykkti eftirfarandi:

- Að SSV segi upp samningum sínum við Vegagerðina fyrir 31. mars 2018.
- Að SSV óski eftir viðræðum við Vegagerðina um uppgjör vegna þessa verkefnis sem hafi það að markmið að þau fari skuldlaus frá borði í árslok 2018.
- Að SSV lýsi sig reiðubúin til viðræðna við Vegagerðina og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um framhald verkefnisins eftir árið 2018 ef forsendur þess og fjárveitingar verði endurskoðaðar. Samhliða þessari vinnu verði kannað hvort grundvöllur sé til að stofnað verði sérstakt fyrirtæki um rekstur Strætó á landsbyggðinni.

Þá voru lögð fram drög að samkomulagi eigenda NVB ehf. vegna uppgjors á mögulegu tapi á rekstri þess árið 2017. Í samkomulaginu kemur fram að SSV taki á sig 50% af mögulegu rekstartapi félagsins. Auk þess samþykkti stjórn drög að samkomulagi á milli SSV og NVB ehf. um þjónustugjald SSV vegna vinnu fyrir NVB ehf.

Í umræðum um almenningsamgöngur varð fundarmönnum tíðrætt um niðurfellingu ferða vegna veðurs í febrúar 2018 og upplýsingamiðlun til farþega. Framkvæmdastjóra falið að ræða það við fulltrúa Strætó b.s. Undir þessari umræðu ræddi Árni Hjörleifsson mikilvægi þess að vegur um Dragháls yrði nýttur þegar rok undir Hafnarfjalli hindrar umferð um þjóðveg 1.

Framkvæmdastjóra falið að ræða þetta við umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Vestursvæði sem og snjómokstur og almenna umsjón með veginum yfir vetrartímann.

3. Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á vinnu við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Fram kom að sjóðnum bárust 129 umsóknir og samþykkti úthlutunarnefnd að veita kr.40.245.000 til 75 umsókna. Úthlutunarhátið sjóðsins verður í Stykkishólmi 23 mars n.k. Alls hefur sjóðurinn kr.58.000.000 til úthlutunar á árinu og verður aftur auglýst eftir umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunar í haust.

4. Sóknaráætlun Vesturlands

Lögð fram lokadrög að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2018. Stjórn samþykkti verkefnin. Í umræðu um áhersluverkefni var rætt um samstarf safna á Vesturlandi og því beint til framkvæmdastjóra að skoða hvort svigrúm væri innan verkefnisins um Samtarf og markaðssetningu safna á Vesturlandi að skoða hvort hægt væri að efla safnastarf með auknu samstarfi safna í landshlutanum. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram minnisblað þar um á næsta fundi stjórnar.

5. Vesturlandsstofa (Markaðsstofa Vesturlands)

Framkvæmdastjóri kynnti ráðningu á forstöðukonu Vesturlandsstofu, en Rósa Gréta Ívarsdóttir viðskiptafræðingur var ráðin í starfið úr hópi 30 umsækjenda. Rósa er boðin velkomin til starfa, en hún mun hefja störf 1. apríl n.k. Jafnframt þakkar stjórn Kristjáni Guðmundssyni fráfarandi forstöðumanni vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

6. Fjármálaáætlun ríkisins

Framkvæmdastjóri greindi frá því að landshlutasamtökin hafa tekið upp samstarf sín á milli varðandi vinnu við umsagnir þeirra um fjármálaáætlun ríkisins. Vífill Karlsson ráðgjafi heldur utan um vinnuna fyrir hönd SSV.

7. Aðalfundur SSV

Lögð fram dagskrá fyrir aðalfund SSV sem fer fram á Hótel Hamri mánudaginn 19 mars n.k. Stjórn samþykkti dagskrána

8. Ársreikningur SSV

Lagt fram uppgjör fyrir SSV árið 2017 og drög að ársreikningi. Stjórn samþykkti að vísa ársreikningnum til afgreiðslu aðalfundar.

9. Málefni fatlaðra

Lögð fram drög að uppgjör fyrir þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra árið 2017. Stjórn þjónusturáðs um málefni fatlaðra mun koma saman til fundar síðar sama dag og fara yfir drögin. Stjórn gerði ekki athugasemdir við uppgjörið og samþykkti að innviðagreiðslum verði skipt jafnt á milli þjónustusvæða.

10. Umsagnir um þingmál

Rætt um umsögn SSV vegna frumvarps um ný raforkulög. Framkvæmdastjóra falið að vinna drög að umsögn.

11. Breytingar á starfsemi Sýslumannsembættisins á Vesturlandi

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi Sýslumannsembættisins á Vesturlandi. Stjórn SSV samþykkti svohljóðandi bókun vegna fyrirhugaðra breytinga:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi mótmælir harðlega þeim uppsögnum á starfsfólki sem hafa orðið á starfsstöðvum sýslumannsins á Vesturlandi nýverið.

Þegar sýslumannsembættin á Vesturlandi voru sameinuð í upphafi árs 2015 kom skýrt fram að leitast yrði eftir því að sem minnst röskun yrði á skipulagi og starfsemi sameinaðs embættis. Jafnframt yrði tryggð áfram öflug þjónusta og starfsemi haldið áfram þar sem hún var fyrir. Áhersla var lögð á að sýslumannsembættin gætu í auknum mæli eftir sameiningu tekið að sér ýmis opinber verkefni og þannig mætti fjölga opinberum störfum utan höfuðborgarinnar með því að flytja þau til sýslumannsembættanna. Byggðapróun undanfarinna ára kallar enn frekar eftir því í dag en áður að opinber störf verði flutt frá höfuðborginni út á landsbyggðirnar til þess að treysta búsetu með því að skapa störf og tryggja góða þjónustu.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi skorar á hæstvirtan dómsmálaráðherra Sigríði Andersen að bregðast tafarlaust við þessari stöðu sem upp er komin og beita sér fyrir auknum fjárheimildum til sýslumannsins á Vesturlandi.“

12. Ný persónuverndarlög

Rætt um fund sem SSV stóð fyrir 28 febrúar s.l. um ný persónuverndarlög og frekari aðkomu SSV að þessu verkefni. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ræða við sveitarfélög á Vesturlandi um vinnu þeirra vegna innleiðingar nýrra laga.

13. Veiðigjöld

Rætt um stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í sjávarútvegi vegna veiðigjalda. Stjórn samþykkti að taka þátt í samstarfi landshlutasamtakanna í Norðvesturkjördæmi um vinnu við greinagerð um stöðu þessara fyrirtækja.

14. Önnur mál

- a. Rætt um breytingar á fundartíma næsta fundar. Samþykkti að næsti fundur stjórnar fari fram miðvikudaginn 18 apríl.
- b. Spurt var um stöðu á undirbúning Ungmennabings. Framkvæmdastjóri greindi frá því að gengið hafi verið frá samningi við Sigurborgu Hannesdóttur hjá Ildi um verkefnastjórn og að verkefnisstjórn skipuð fulltrúum ungmennaráð og starfsmanna félagsmiðstöðva hafi tekið til starfa. Verkefnisstjórn hefur samþykkti að þingið fari fram haustið 2018.

Fundi slitið kl. 13.00

